



*Viðtakandi:*

Allsherjar- og menntamálanefnd

*Efni:*

Umsögn við 103. mál, frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki).

Reykjavík, 16. nóvember 2023

Ágæta nefnd,

Ég vil vekja athygli nefndarinnar á niðurstöðu nýyrðakeppni Samtakanna 78, *Hýrriði 2023*. Þar var m.a. leitað að kynhlutlausu orði yfir foreldri foreldris og í dag lagði dómnefnd til að notast sé við orðið „stórforeldri“.

Þetta tengist d-lið 1. gr. frumvarpsins vegna þess að þar er lagt til að í stað þess að ófeðrað barn megi kenna til afa síns sé heimilt að kenna barnið til „foreldris foreldris síns“, sem ég skal fúslega viðurkenna að sé ekki heimsins besta orðalag. Við vinnslu málsins urðum við bara áþreifanlega vör við að íslenskuna skorti hugtak sem næði yfir fólk af öllum kynjum sem ætti barnabörn. Frekar en að leggja til nýyrði í frumvarpinu var ákveðið að bíða úrslita hýrriðakeppninnar, sem nú liggja fyrir!

Ég hvet nefndina til að skoða að flétta þessu vel heppnaða nýyrði inn í frumvarpið, þannig að d-liður 1. gr. verði svohljóðandi:

*Í stað orðanna „afa síns“ í 4. málsli. 2. mgr. kemur: stórforeldris síns.*

Bestu kveðjur,

Andrés Ingi.

ANDRÉS INGI JÓNSSON

*Þingmaður Pírata*



## Intersex Ísland -Félag Intersex fólks á Íslandi

Hverfisgata 102A  
101 Reykjavík  
Ísland  
intersex@samtokin78.is

29. Október 2023

Intersex Ísland styður þær breytingar sem lagðar eru fram í Frumvarpi til laga - 103 mál en telur að ekki sé gengið nógu langt í II kafla

### I Kafli

Breyting á lögum um mannnöfn nr 45/1996 styður rétt kynsegin fólks á Íslandi til einkalífs og að þurfa ekki að opinbera upplýsingar um sjálfa/nít sig nema að eigin ósk og frumkvæði með því að gefa kynsegin fólki val hvort það opinberi sig sem kynsegin einstakling. Einnig myndi lagabreytingin endurspegla þann raunveruleika að kynsegin fólk getur átt börn og er þá að um foreldrisnafn að ræða en ekki móður eða föður nafn

### II Kafli


Breyting á lögum um kynrænt sjálfræði nr 80/2019

Mörg lönd á heimsvísu, ásamt ákveðnum fylkjum annarra landa eru komin mjög stutt á veg þegar kemur að viðurkenningu hinsegin fólks, eða mikið bakslag hefur átt sér stað þegar kemur að réttindum hinsegin fólks. Í sumum löndum er hreinlega hættulegt að vera opinber með hinseginleika sinn. Kynsegin fólk er nú í dag sett í þá stöðu að þurfa að velja á milli þess að vera með kynskráningu sem samræmist kynvitund þess eða að viðhalda fullu ferðafrelsi á heimsvísu. Kynsegin manneskja sem er með X í vegabréfinu sínu getur jafnvel verið lögð í hættu án þess að ætla sér að ferðast til landa þar sem hinsegið fólk sætir beinum ofsóknum ef lenda þarf í þess háttar landi vegna veðurs eða bilana í flugvéllum. Trans konur og trans karlar sem eru komin stutt á veg í læknisfræðilegu ferli geta einnig haft hag af því að hafa aðgang að vegabréfi sem endurspeglar hvernig starfsmenn flugvalla erlendis munu lesa í útlit þeirra. Það er mikilvægt öryggisatriði fyrir trans og kynsegin fólk að geta ferðast erlendis án þess að þau séu beinleis opinberuð sem hinsegin fyrir starfsfólki flugvalla, hótela og öðrum sem gætu þurft að sjá vegabréfið þeirra.

Sumt intersex fólk ber með sér líkamleg einkenni sem samræmast ekki því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Það er vel þekkt innan Evrópu að Intersex fólk sem býr við það lendir í auknu áreiti á flugvöllum í þeim löndum þar sem hinsegin fordómar eru ríkar og geta þau búið við sömu hættur utan Evrópu. Þó að þau vilji viðhalda kynskráningu sinni getur í sumum tilfellum verið aukið öryggi fyrir þau að ferðast með skilríki sem endurspeglar hvernig útlit þeirra er lesið.

Intersex Ísland leggur því til þá breytingu að öllum þeim sem hafa breytt kynskráningu sinni og þeim sem eru með ódæmigerð kyneinkenni sé heimilt að fá úthlutað vegabréfi með þeirri kynskráningu sem tryggir öryggi þeirra sem best, með því að velja þá kynskráningu sem handhafi vegabréfsins kys. Núverandi lög um kynrænt sjálfræði heimilla eingöngu eina breytingu á kynskráningu nema sérstakar aðstæður séu til annars. Ekki er full skýrt hverjar þær sérstöku aðstæður eru eða hver fer með úrskurðarvald um að þær sérstöku aðstæður séu til staðar. Það eru mörg dæmi þess að fólk komi fyrst útúr skápnum sem trans kona/karl en síðar sem kynsegin manneskja. Því styðjum við eindregið þá breytingu að kynskráningu megi breyta oftár en einu sinni og teljum 6 til 12 mánuði hæfilegan biðtíma þess á milli.

Kafla III og Kafla IV styðjum við óbreytt

29.10.2023 

F.h Intersex Íslands - Kitty Anderson, formaður

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103, 103. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. október 2023, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks. Þakkar deildin fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið heilshugar. Tryggja þarf að börn og fullorðnir með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni njóti mannréttindaverndar, að börn með ódæmigerð kyneinkenni sæti ekki skaðlegum og ónauðsynlegum inngripum og að trans fólk geti fengið lagalega viðurkenningu á kyni sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti. Veita á einstaklingum leyfi til að breyta nafni sínu og kynskráningu lagalega, þar með talið á opinberum gögnum sem útgefin eru af ríkinu, á skjótan, aðgengilegan og gagnsæjan máta og í samræmi við kynvitund einstaklingsins.

Þá telur deildin það, að gera útgáfu skilríkja vegna breytingar á kyn- eða nafnsskráningu í þjóðskrá gjaldfrjálsa vera jákvætt skref í átt að því að gera ferlið aðgengilegt og sanngjarnt.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur til þess að lagasetningunni verði komið á sem fyrst. Með því að samþykkja umrætt frumvarp myndi Alþingi taka enn eitt skrefið í átt að því að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks.

Virðingarfyllst

---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2023

**EFNI: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um Þingskjal 103 — 103. mál. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki). Á 154. löggjafarþingi 2023-2024.**

Kvenréttindafélag Íslands styður framangreint frumvarp og telur það gífurlega mikilvæga réttarbót fyrir kvár, stálp og kynsegin fólk. Þá er mikilvægt að sú réttarbót eigi sér stað sem allra fyrst og ekki síst vegna þess bakslags sem við höfum orðið vitni að undanfarin misseri í réttindabaráttu þessa jaðarsetta hóps.

Frumvarp þetta bregst vel við kalli Kvenréttindafélagsins um lagalegar úrbætur fyrir kvár sem settar voru fram í skýrslunni “Að vera kvár á Íslandi” unnin af Birtu Ósk Hönnu, og var birt í september 2022. Skýrsluna er hægt að lesa hér:

[https://kvenrettindafelag.is/wp-content/uploads/2022/09/Ad\\_vera\\_kvár\\_a\\_Islandi\\_Birta\\_Osk2022.pdf](https://kvenrettindafelag.is/wp-content/uploads/2022/09/Ad_vera_kvár_a_Islandi_Birta_Osk2022.pdf)

Lög um kynrænt sjálfræði (nr. 80, 2019) gerðu ekki ráð fyrir kenninabreytingum sem eru óháðar skráðu kyni, né vernd í sambandi við ferðafrelsi kynsegin fólks. En sum kvár veigra sér við því að leiðrétta kynskráningu sína í Þjóðskrá vegna öryggisástæðna, m.a. þegar þau kjósa að ferðast. Víða getur verið hættulegt að hafa kynseginleika skráðan í persónuskilríki, svo sem vegabréfi, þar sem sum lönd viðurkenna ekki trans fólk eða það er beinlínis refsivert að vera trans. Þá eru sum kvár einnig smeyk við bakslagið sem er að eiga sér stað í réttindabaráttu þeirra héraðs og möguleg skaðleg áhrif þess að rétta af kynskráningu sína.

Kenninabnf þarf samkvæmt núverandi lögum um mannanöfn að tengjast kynskráningu viðkomandi. Líkt og komið hefur fram þá veigra sum kvár sér við því að breyta skráningu kyns í þjóðskrá og þar af leiðandi geta þau ekki borið það kenninabnf sem þau helst kjósa. Þess vegna er breyting á lögum um mannanöfn einnig mjög mikilvæg.

Mikilvægt er að skoða alla möguleika til þess að bæta atriði er varða hlutlausa kynskráningu. Vegna fordóma og ógnana sem kvár eiga hættu á að verða fyrir á ferðalögum getur boð um að vera með fleiri en eitt vegabréf bætt öryggi þeirra verulega. Einnig væri hægt að leyfa einstaklingum að velja kynskráningu í vegabréfi, til þess að tryggja persónulegt öryggi þeirra.

Mikilvægast er að kvár geti komist hjá mismunun sem þau kunna að verða fyrir vegna hlutlausri skráningu kyns á persónuskilríkjum sínum.

Lengi hefur verið vitað að kynvitund getur verið flæðandi og hún getur breyst hjá einstaklingi eftir stað og tíma. Mikilvægt er að slaka á ströngum reglum um að ekki megi breyta kynskráningu oft en einu sinni. Þetta getur valdið sumu trans fólki kynama, eða mikilli vanlíðan.

Kvenréttindafélag Íslands tekur einnig undir umsagnir Trans Íslands félags trans fólks á Íslandi, Intersex Ísland og Mannréttindaskrifstofu Íslands um fyrrgreint frumvarp.

*Með vinsemd og virðingu,*

*Tatjana Latinovic*  
*formaður Kvenréttindafélags Íslands*



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2023.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103, 103. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður framangreint frumvarp heils hugar enda telur skrifstofan það hluta af sjálfsákvörðunarrétti hvers einstaklings að fá að ráða eigin nafni. Styður skrifstofan jafnframt að fleiri en ein breyting á kynskráningu verði leyfð enda getur það tekið kynsegin fólk tíma að staðsetja sig þar sem það á heima.

Þá telur skrifstofan það einnig mikilvægt að útgáfa skilríkja sem gefin eru út vegna breytingar á kyn- eða nafnsskráningu í þjóðskrá verði gjaldfrjálst svo þeirri hindrun verði rutt úr vegi að einstaklingur hafi ekki ráð á að kalla eftir útgáfu skilríkja. Samræmist það og niðurfellingu gjaldtöku vegna breytingar á kyn- og nafnsskráningu í þjóðskrá sem samþykkt var á vorþingi 2021.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri



MSS23100200

25. október 2023  
Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki) – 103. mál.

Í bréfi dags 19. október 2023 sl. óskaði Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), 103. mál. Reykjavíkurborg fagnar aðgerðum til að bæta stöðu kynsegin fólks og styður heilshugar flest sem þar kemur fram, en vill um leið vekja athygli á eftirfarandi.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað þess að aðeins megi breyta kynskráningu sinni einu sinni, nema sérstakar ástæður séu til annars, sé þess í stað leyfilegt að breyta kynskráningu að vild, gefið að meira en eitt ár sé liðið frá síðustu breytingu.

Með þessari viðurkenningu að kynvitund geti verið flæðandi eða breytileg og það sé því eðlilegt að einstaklingar vilji fá breyttri kynskráningu sinni oftar en einu sinni um ævina, væri eðlilegt að slíkum breytingum væru ekki settar neinar hömlur. Enginn tímarammi nær utan um það hvenær og hvernig eðlilegar breytingar á því hvernig einstaklingar upplifa kyn sitt og hvernig þau vilja lifa í sínu kyni, eiga sér stað. Það að setja tímatengdar hömlur á það hvort fólk megi breyta kynskráningu sinni, er í raun meira hamlandi fyrir þennan hóp kynsegin fólks en nógildandi grein. Nú eru leyfðar undantekningar í sérstökum aðstæðum, og má ætla að flæðandi kynvitund uppfylli einmitt þá skilgreiningu að vera sérstakar aðstæður.

Af framangreindu leiðir að Reykjavíkurborg telur rétt að hömlur tengdar breytingu á kynskráningu verði fjarlægðar að öllu leyti. Sé slík breyting ekki möguleg að þessu sinni telur Reykjavíkurborg rétt að greinin standi óbreytt að svo stöddu. Að lokum er rétt að taka fram að fulltrúar Reykjavíkurborgar eru tilbúnir til að mæta fyrir þingnefnd og gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni sé þess óskað.

## Samantekt

Reykjavíkurborg ítreka ánægju sína að enn sé unnið að réttarbótum fyrir kynsegin fólk. Meðfylgjandi eru þó nokkrar ábendingar varðandi 3. gr. frumvarpsins. Kynvitund einstaklinga getur verið flæðandi og enginn tímarammi nær utan um það hvenær og hvernig breytingar á kynvitund eiga sér stað. Reykjavíkurborg telur rétt að hömlur tengdar breytingu á kynskráningu verði fjarlægðar að öllu leyti.

Virðingafyllst,

f.h. Reykjavíkurborgar

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks



Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi  
kt. 4911070650  
Suðurgata 3, 101 Reykjavík

Reykjavík, 26.10.2023

## **Umsögn Trans Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103 — 103. mál**

Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi, styður heilshugar umrætt frumvarp og telur það bæta úr nokkrum helstu hnökrunum sem komið hafa upp í kjölfar samþykktar laga um kynrænt sjálfræði.

### **1. gr.**

Mörg dæmi eru um það að trans einstaklingar hafi þurft að skrá kenninöfn sín í þjóðskrá á annan hátt en þeir sjálfir kysu helst vegna þeirra takmarkana sem sett eru í lögum um mannanöfn. Það er mikilvægur hluti af sjálfsákvörðunarrétti hvers einstaklings að fá að ráða eigin nafni burtséð frá ytri aðstæðum og því teljum við þessa breytingu vera til mikilla bóta.

### **2. gr.**

Margvíslegar ástæður geta legið að baki því að kynsegin einstaklingar skrái kyn sitt ekki hlutlaust í þjóðskrá og vega öryggisþættir þar þungt. Tillagan um útgáfu aukavegabréfa fjarlægir stóra hindrun sem nú stendur í vegi kynsegin fólks sem íhugar að skrá kyn sitt hlutlaust. Með því að fjarlægja þessa hindrun er fleirum gert kleift að fá kynvitund sína opinberlega viðurkennda, sem er afar mikilvægt fyrir sjálfsmynd og geðheilsu einstaklinga, án þess þó að takmarka ferðafrelsi þeirra. Einnig myndi því kynsegin fólki sem er opinberlega skráð karlar eða konur fækka. Þjóðskrá yrði með því nákvæmari og öll tölfræði þ.a.l. marktækari. Trans karlar og konur sem ekki uppfylla samfélagslega útlitsstaðla karla og kvenna geta þó einnig orðið fyrir vandræðum ef ósamræmi þykir á milli útlits þess og kynskráningar á vegabréfi. Því þætti okkur ekki úr vegi að skoða mögulega útvíkkun skilyrða fyrir útgáfu aukavegabréfa í samræmi við það.

### 3. gr.

Sjálfsuppgötvunarferli trans fólks er síður en svo línulegt. Kynvitund getur verið flæðandi en einnig getur reynst flókið að átta sig fyllilega á eigin sjálfi vegna ríkjandi samfélagslegra viðmiða og gilda sem við öllumst öll upp við. Þess vegna er mikilvægt að fleiri en ein breyting á kynskráningu sé leyfð. Ein afleiðinga núverandi lagabókstafs er að margt trans fólk veigrar sér við því að uppfæra nafn- og kynskráningu sína í þjóðskrá þar til það telur sig fullvisst um að það verði sátt við viðkomandi skráningu til frambúðar. Þetta getur leitt til mikils kynama og vanlíðanar því einstaklingurinn er sífellt ávarpaður með gömlu nafni hjá þjónustustofnunum, í verslunum og víðar, vegna hræðslu við að sitja uppi með óæskilega skráningu til frambúðar ef sjálfsmynd hans þróast. Einnig hefur þessi takmörkun þau áhrif, líkt og aðrar takmarkanir sem tekið er á í frumvarpinu, að þjóðskrá er ónákvæmari fyrir vikið og öll tölfræði því skekkt.

### 4. og 5. gr.

Trans Ísland tekur heilshugar undir tillögu um að útgáfa skilríkja — aukavegabréfs sem og annarra skilríkja sem gefin eru út vegna breytingar á kyn- og/eða nafnskráningu í þjóðskrá — verði gjaldfrjálts. Það er réttur fólks að skilgreina kyn sitt og nafn og nauðsynlegur hluti þess er að eiga gild persónuskilríki með réttu nafni og kyni. Trans fólk er jaðarsettur hópur og býr margt þess við bág kjör og stendur því illa fjárhagslega og hefur ekki endilega efni á nýjum skilríkjum. Sú staða getur leitt til þess að einstaklingar geti ekki sótt sér sjálfsagða þjónustu vegna skorts á gildum skilríkjum. Við teljum þetta sjálfsagða breytingu og í samræmi við niðurfellingu gjaldtöku vegna breytingar á kyn- og nafnskráningu í þjóðskrá sem samþykkt var á vorþingi 2021.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Trans Íslands

Reyn Alpha Magnúsar,

Varaformaður Trans Íslands



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Tilvísun þí: 2023110034/0.1

Tilvísun sendanda:

## Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), 103. mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 19. október sl., þar sem frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þingskjal 103 – 103. mál, er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

### Um 1. gr.

Þjóðskrá Íslands er fylgjandi þeim breytingum sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins um breytingu á 8. gr. mannanafnalaga, nr. 45/1996.

Stofnunin telur tillögu til breytingar á ákvæðinu ekki einungis til þess fallna að auka réttindi kynsegin einstaklinga til foreldrakenningar heldur mun ákvæðið, verði það að lögum, jafna réttindi allra til foreldranafna.

Í ákvæðinu eins og það er í dag felst mismunun þar sem einstaklingum með kynhlutlausu skráningu er veittur réttur umfram aðra einstaklinga, sem felst í því að eingöngu þeim er heimilt að hafa kenningu til foreldris án endingar. Með breytingunni nær þessi réttur til allra. Þá telur stofnunin jafnframt jákvætt að breyta tilvísunum í föður og móður í foreldra. enda er breytingin til þess fallin að bæta stöðu kynsegin einstaklinga varðandi kynjaskipt foreldranöfn en nokkuð hefur borið á slíkum beiðnum frá kynsegin einstaklingum hjá stofnuninni sem ekki hefur verið hægt að verða við.

### Um 2. gr.

Að því er varðar tillögu til breytingar í 2. gr. frumvarpsins þá tekur stofnunin undir mikilvægi þess að kynsegin einstaklingar geti leiðrétt kynskráningu án þess að kynskráning í ferðaskilríkjum verði þeim til trafala eða hættu á ferðalögum erlendis. Sú leið sem lögð er til í 2. gr. er hins vegar að mati stofnunarinnar ekki vænleg og mjög erfið í framkvæmd. Þjóðskrá Íslands hefur haft þetta mál til skoðunar um nokkurn tíma og leggur til aðrar tillögur sem einnig eru taldar til þess fallnar að ná markmiði ákvæðisins. Gerð verður nánari grein fyrir þeim hér að neðan en fyrst verður rökstutt af hverju stofnunin er mótfallin þeirri leið sem lögð er til í frumvarpinu.

*Ástæður þess að stofnun er ekki fylgjandi þeirri leið sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins*

#### 1. Öryggisáhætta

Þjóðskrá Íslands  
Registers Iceland

Borgartún 21  
105 Reykjavík

515 5300  
skra@skra.is

skra.is

Þjóðskrá Íslands hefur haft til skoðunar hvort mögulegt sé að gefa út aukavegabréf til kynsegin einstaklinga allt frá því að frumvarp um málið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi, sbr. 289. mál, 153. löggjafarþing.

Sú skoðun hefur leitt í ljós að útgáfa aukavegabréfa er ýmsum vandkvæðum bundin. Í fyrsta lagi gæti þessi heimild orðið til þess að óprúttir aðilar gætu nýtt sér hana þar sem ekki er erfitt að breyta kynskráningu á Íslandi. Aðrir en kynsegin einstaklingar gætu því nýtt sér þessa heimild. Öll öryggisatriði ferðaskilríkja eru í dag orðin það góð að fölsun þeirra er mjög erfið. Því hafa brotahópar í auknum mæli beint sjónum sínum að því að fá útgefin lögleg skilríki á fölskum forsendum eða að nýta löglega útgefin skilríki fyrir annan en handhafa (Europol, 2021). Þar sem tiltölulega einfalt er fyrir hvern sem er að breyta skráningu kyns hjá Þjóðskrá Íslands mundi þessi breyting bjóða upp á að slík skráning yrði misnotuð. Þannig gæti afbrotafólk breytt skráningu kyns síns í þeim eina tilgangi að fá útgefið annað ferðaskilríki sem síðan væri hægt að selja eða misnota á annan hátt. Þessar aðferðir eru meðal annars notaðar við mansal og smygl á fólki. Er það mat stofnunarinnar að gríðarleg öryggisáhætta gæti falist í því að veita heimild til útgáfu aukavegabréfa með annarri kynskráningu. Stofnunin hefur bent á aðrar lausnir sem gætu dugað til að ná sama markmiði og frumvarpið reynir að ná sem ekki fælu í sér viðlíka öryggisáhættu. Bendir stofnunin á að í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157, sem innleidd var með lögum um nafnskírteini nr. 55/2023, kemur fram í inngangsorðum að notkun stolinna ferðaskilríkja er mikil öryggisáhætta og að skipulögð brotastarfsemi, líkt og hryðjuverk og mansal, notist í auknum mæli við stolin ferðaskilríki. Er þetta í samræmi við mat Interpol, ICAO og fleiri alþjóðlegra stofnana sem hafa skilríkjamál á sínum herðum. Óskaði stofnunin eftir upplýsingum frá nágrannaþjóðum um hvort þau höfðu tekið upp tvöföld vegabréf til þess að vernda kynsegin einstaklinga eða í öðrum tilgangi. Engin þeirra þjóða sem haft var samband við fer þessa leið, en einhverjar þjóðir hafa gripið til annars konar ráðstafana og er tillaga stofnunarinnar hér að neðan í sama anda.

## *2. Kerfi Þjóðskrár Íslands bjóða ekki upp á tvöfalda skráningu kyns*

Kerfi Þjóðskrár Íslands bjóða ekki upp á tvöfalda skráningu kyns, og er þetta því kerfislega óframkvæmanlegt í dag. Mögulega væri hægt að endurskrifa kerfin með þessum möguleika en slík breyting myndi kalla á verulega vinnu og fjármagn sem yrði að fylgja.

### *Tillaga Þjóðskrár Íslands:*

Eins og fram kemur hér að ofan hefur stofnunin um nokkurn tíma haft til skoðunar hvernig hægt er að tryggja réttindi kvára og stálpa til þess að geta breytt kynskráningu sinni án þess að kynskráning í ferðaskilríkjum verði þeim til trafala eða hættu á ferðalögum erlendis. Þær leiðir sem stofnunin telur færar eru eftirfarandi.

## *1. Möguleiki á því að skrá ekki kyn í nafnskírteini, sem eru ferðaskilríki og duga innan EES.*

Á síðasta löggjafarþingi voru samþykkt lög um nafnskírteini nr. 55/2023. Eru nafnskírteinin persónuskilríki og ferðaskilríki innan EES (þó verður hægt að sækja um nafnskírteini án þess að það sé ferðaskilríki fyrir þá sem ekki uppfylla skilyrði þar að lútandi).

Í lögnum er ekki gerð krafa um skráningu kyns í nafnskírteini. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 (sem innleidd var með lögnum) er ekki heldur gert að skilyrði að kyn sé skráð á ferðaskilríkin, en þar segir í 2. tl. 2. mgr. 3. gr. að „[...] tilgreining kyngervis einstaklings skal vera valkvæð“.

Hefur stofnunin því lagt til við dómsmálaráðuneytið að í reglugerð um nafnskírteini, sem nú er verið að semja, verði ekki gerð krafa um skráningu kyns á umrædd skilríki, en a.m.k. Þýskaland hefur farið þessa leið til að vernda umrædda einstaklinga.

2. Heimilað verði að kynsegin einstaklingur geti valið kyn sitt í vegbréfi óháð því sem stendur í Þjóðskrá.

Þí leggur til að skoðað verði að breyta framlögðu frumvarpi á þann veg að kynsegin einstaklingum verði, í staðinn fyrir að fá útgefið aukavegabréf, heimilt að velja kynskráningu í vegabréfi sínu óháð kynskráningu í Þjóðskrá. Með þeim hætti er öryggi kynsegin einstaklinga tryggt á ferðalögum og komið í veg fyrir að ógrynni af aukavegabréfum verði framleidd. Þessi leið felur hvorki í sér öryggisáhættu né kerfisvandamál.

### Um 3. gr.

Að lokum vekur Þjóðskrá Íslands athygli á breytingu þeirri sem lögð er til með 3. gr. frumvarpsins. Þar segir, að í stað orðanna „einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars“ í 7. gr. laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði komi: „sé meira en eitt ár liðið frá síðustu breytingu.“

Núgildandi 1. mgr. 7. gr. kveður á um að breyting á skráningu kyns samkvæmt lögnum og samhliða nafnbreyting skuli einungis heimiluð einu sinni nema *sérstakar ástæður* séu til annars. Ákvæðið gerir jafnframt þá kröfu, að ef einstaklingur óskar þess aftur að breyta um kyn skuli hann leggja fram skriflega greinargerð um ástæður beiðninnar til Þjóðskrár Íslands.

Verði 3. gr. frumvarpsins að lögum er ljóst að síðari málsl. núgildandi 1. mgr. 7. gr. verður óþarfur, enda yrði beiðni um breytta skráningu kyns þá ekki háð mati Þjóðskrár Íslands, heldur ber stofnuninni einungis að líta til þess hversu langt er liðið frá síðustu breytingu. Þjóðskrá Íslands leggur því til að þessi síðari málsl. verður felldur úr ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 80/2019.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Telma Halldórsdóttir  
Yfirlögfræðingur

Þjóðskrá Íslands  
Registers Iceland

Borgartún 21  
105 Reykjavík

515 5300  
skra@skra.is

skra.is

